

## **Arna Dögg Arnardóttir, landslagsarkitekt.**

Arna Dögg Arnardóttir hefur víðtæka reynslu á sviði landslagsarkitektúrs. Hún er með meistaragráðu í landslagsarkitektúr (2010) og B.S. gráðu í skipulagsfræði (2007) og hefur starfað við fagið í Noregi hjá Multiconsult (2011-2021) og Sweco (2021-2023), samtals um 12 ár.

Á þessum tíma hefur Arna Dögg unnið að fjölbreyttum verkefnum, allt frá minni verkefnum til stórra samgöngu- og skipulagsverkefna. Hún hefur gegnt miðlægum hlutverkum við hönnun í þrívíddarlíkönum. Með reynslu af stærri og smærri innviða- og byggingarframkvæmdum hefur Arna Dögg byggt upp víðtæka þekkingu á meðal annars landslagsgreiningum, mati á umhverfisáhrifum, meðhöndlun yfirborðsvatns, leikvöllum, skipulagstengdum verkefnum og landslagsáætlunum. Verkefnin sem hún hefur unnið að eru aðallega leyst í þverfaglegum teymum og því hefur hún góða reynslu af að finna lausnamiðaðar málamiðlanir milli ólíkra faglegra hagsmuna til að tryggja heildstæðar og góðar þverfaglegar lausnir. Arna Dögg er vandvirkur teiknari sem hefur tök á mörgum mismunandi teikniforritum og veit hvernig á að nýta möguleikana í þessum forritum.

Arna Dögg er með eigið fyrirtæki Larcada Ehf. og þjónustar að mestu leyti fyrirtæki í Noregi. Hún hefur mikinn áhuga á þróun á sjálfbærum lausnum fyrir landslagsarkitektafagið og vegna þessa áhuga fékk hún tækifæri til að taka þátt í fjölþjóðlegu samstarfi við úrvinnslu á skýrslu um þetta málefni.